

L Ö G

12

13. jan.

um breyting á lögum nr. 5 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935,
um skuldaskilasjóð vélbátæigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „30. sept.“ í 3. málsg. 1. gr. laga nr. 5 14. apríl 1937, um breyting á lög-
um nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátæigenda, komi: 31. desember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

13

13. jan.

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað tölunnar 4 í 5. lið 15. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903 komi talan 6.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.